

Tillaga til 418. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. maí 2018

Tillaga 498. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 9. maí sl., um að deiliskipulag Reykjaness verði endurskoðað.

1. Deiliskipulag í Reykjanesi. - 2011030164

Jóhann Birkir Helgason skipulags- og byggingafulltrúi Súðavíkurhrepps, leggur fram fyrirspurn í tölvupósti dags. 02.05.2017 um landnýtingu og deiliskipulag við Reykjanes, vegna vinnu við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps. Drög að deiliskipulagi Reykjaness, frá 2015 liggja fyrir. Súðavíkurhreppur óskar eftir upplýsingum um hvaða áform landeigandi hefur um landnýtingu svæðisins.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að ekki verði breytingar á landnotkun í Reykjanesi og skal landnotkun í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps, miðast við þá starfsemi sem fyrir er. Nefndin telur að endurskoða þurfi fyrirbyggjandi drög að deiliskipulagi Reykjaness. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði endurskoðað.